

Nd.

147. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 24 7. maí 1928, um eftirlit með verksmiðjum og vélum.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Í stað 23. gr. laga nr. 24 7. maí 1928, um eftirlit með verksmiðjum og vélum, komi tvær gr., er verða 23. og 24. gr. og orðast svo:

- a. (23. gr.). Eftirlit með vélum og verksmiðjum er undir yfirumsjón atvinnuáráðherra, er skipar skoðunarstjóra og ákveður kaup hans og setur honum erindisbréf.

Ennfremur skipar atvinnuáráðherra, að fengnum tillögum skoðunarstjóra, aðstoðarskoðunarmenn í kaupstöðum, þar sem þess er þörf. Skulu þeir hafa á hendi vandalitlar skoðanir, sérstaklega þar sem þeir eru búsettir og í nágrenni, eftir nánari ákvörðun í erindisbréfi. Skal þar ákveða, að þeir fái að þóknun fyrir starfa sinn tiltekinn hluta skoðunargjalda þeirra fyrirtækja, sem þeir skoða.

Skoðunarstjóri fær greiddan úr ríkissjóði skrifstofukostnað og ferðakostnað samkvæmt fjárveitingu í fjárlögum.

Skoðunarmenn skulu vera valinkunnir og óvilhallir menn og svo vel til starfsins fallnir, sem frekast eru föng á. Áður en þeir taka til starfa, skulu þeir undirrita drengskaparheit um, að þeir vilji inna starf sitt af hendi samvirkusamlega.

- b. (24. gr.). Eigendur skoðunarskyldra atvinnufyrirtækja greiða árlega í ríkissjóð skoðunargjald af vélum og eimkötlum samkvæmt gjaldskrá, er atvinnuáráðherra setur. Lögreglustjórar innheimta skoðunargjöld, en í Reykjavík tollstjóri. Skoðunargjald má taka lögtaki.

Kostnað við yfirskoðun greiðir beiðandi að öllu leyti. Greinatala laganna breytist samkvæmt þessu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt eftir beiðni atvinnumálaráðherra, og fylgdu því eftirfarandi skýringar:

Vegna þess, hve innlendur iðnaður hefir mjög aukizt hin síðari ár í flestum greinum, er orðin brýn nauðsyn að gera breytingar á framkvæmd eftirlitsins, sérstaklega til þess að gera það öruggara. Síðan lög um eftirlit með verksmiðjum og vélum voru sett 1928, hefir lengst af einn maður haft á hendi skoðunina, en hann kemst ekki lengur yfir þetta starf svo vel fari. Hann hefir að launum fengið skoðunargjöld, samkvæmt gjaldskrá ráðuneytisins, af þeim eimkötlum og vélum, er hann hefir skoðað, og hefir sjálfur innheimt gjöldin. Er þetta fyrirkomulag ekki heppilegt, og er í frv. lagt til, að skoðunargjöldin verði ákveðin þannig, að þau verði fast árlegt gjald á hvern eimketil og hverja vél, en ekki eins og nú, miðuð við greiðslu aðeins þegar skoðun fer fram.

Er því lagt til, að skipaður verði skoðunarstjóri með föstum launum og nokkrir skoðunarmenn honum til aðstoðar úti um land, er fáí að þóknun nokkurn hluta skoðunargjaldanna, og rennur þá hinn hlutinn í rikissjóð til greiðslu kostnaðar við stjórn þessara mála. Miðar breyting þessi að því að bæta eftirlitið og gera það einfaldara, með því að aðstoðarskoðunarmenn verða búsettir þar, sem þau fyrirtæki eru, sem helzt þarf að skoða, og sparast þá einnig ferðakostnaður. T. d. þarf skoðunarmaður nú að fara sjálfur og skoða ný fyrirtæki áður en þau byrja að starfa, eða veita þeim undanþágu og fresta skoðun, þar til hann verður næst á ferð, og er oft óheppilegt að þurfa að gefa slíkan frest til þess að spara ferðakostnað. Sama máli gegnir, er þörf er sérstakra ástæðna vegna að framkvæma skoðun fyrirvaralítið eða ef slys vill til, að þá er mjög heppilegt að hafa umboðsmenn í stærstu kaupstöðunum. Er gert ráð fyrir, að fyrst um sinn verði skipaðir slíkir skoðunarmenn í Vestmannaeyjum, Ísafirði, Siglufirði, Akureyri og Seyðisfirði, ennfremur í Reykjavík, og verði hinn síðast taldi jafnframt fulltrúi skoðunarstjóra í forföllum hans eða fjarveru.

Allar vanda- og ábyrgðarmeiri skoðanir verður skoðunarstjóri sjálfur að framkvæma, enda ekki þess að vænta, að aðstoðarmennirnir hafi næga þekkingu til þess.